

# **Reglugerð um auglýsingar í íþróttamannvirkjum Reykjanesbæjar**

## **1. grein.**

Reglugerð þessi tekur til íþróttamannvirkja Reykjanesbæjar og útvalla með hliðsjón af reglum ÍSí um auglýsingar.

## **2. grein. Hámarksstærðir auglýsinga**

Hámarksstærð auglýsinga á gólfum íþróttahúsa Reykjanesbæjar skal vera u.þ.b. 2 ferm. Stærð auglýsinga á veggjum og standandi auglýsinga á gólfum skal ekki vera meiri en verið hefur undanfarin ár, enda verði þess gætt að þær auglýsingar hafi ekki áhrif á íþróttina, hindri yfirsýn áhorfenda eða skapi hættu fyrir viðstadda.

## **3. grein. Hámarksfjöldi auglýsinga.**

Þess verði ávallt gætt að fjöldi auglýsinga og staðsetningar þeirra brjóti ekki í bága við reglur alþjóðasambanda. Samkvæmt reglugerð FIBA (Alþjóða körfuknattleikssambandið) er heimilt að láta auglýsingar í miðhring og á svæðið fyrir aftan vítalínu. Hámarksfjöldi auglýsinga á gólfum íþróttahúsa skal vera 4 auk auglýsinga á áður nefndum svæðum. Forstöðumenn íþróttamannvirkja geta þó heimilað fleiri auglýsingar tímabundið og skal þá gera um slíkt sérstakt skriflegt samkomulag milli aðila.

## **4. grein Útlit og gerð auglýsinga.**

Allt yfirbragð auglýsinga skal vera smekklegt, snyrtilegt og úr efni (og límefni) sem talist getur öruggt að setja t.d. á gólfleti. Áður en auglýsing er sett á gólfleti skal liggja fyrir samþykki forstöðumanns íþróttamannvirkisins. Forstöðumenn geta látið fjarlægja á kostnað íþróttafélaga/deilda auglýsingar sem eru að hans mati útslitnar, gallaðar eða geta valdið slysum.

## **5. grein. Undanþágur.**

Forstöðumenn geta veitt undanþágur frá ákvæðum í gr. 2-4 ef t.d. um er að ræða landsleiki og/eða stærri íþróttaviðburði eða hátíðir. Slíkar undanþágur skulu vera skriflegar þar sem m.a kemur fram gildistími undanþága.

## **6. grein. Samkomulag**

Tómstunda- og íþróttaráð gerir samkomulag við íþróttafélögin í Reykjanesbæ, en ekki við einstakar deildir innan félaga.

Fullt samráð verði haft við Íþrótt- og ólympíusamband Íslands, UMFÍ og viðkomandi sérsambönd um reglugerð þessa.

## **7. Gildistaka**

Reglugerðin tekur gildi eftir að tómstunda- og íþróttaráð og bæjarstjórn Reykjanesbæjar hafa samþykkt hana og um leið falla úr gildi eldri reglugerðir.

## **8. Ágreiningsmál.**

Komi upp ágreiningur eða vafi um túlkun og framkvæmd reglugerðarinnar skal skjóta honum til íþrótt- og tómstundafulltrúa.

**Samþykkt í tómstunda- og íþróttaráði 13. október 1999**  
**Samþykkt í bæjarstjórn Reykjanesbæjar 19. október**  
**1999**